



SKÓLANÁMSKRÁ

Iðavöllur 2022



Leikskólinn Iðavöllur er staðsettur við Gránufélagsgötu á Oddeyri á Akureyri. Í skólanum eru rými fyrir allt að 90 börn og skiptist skólinn niður í fjórar deildir sem heita Álfheimur, Gláðheimur, Þrymheimur og Jötunheimur, en heiti deildanna eru sótt í norræna goðafræði.

VIRÐING – SKÖPUN – VELLÍÐAN

Efnisyfirlit

Um Íðavöll.....	3
Gildi og hugmyndafræðilegar áherslur	3
Uppeldisfræðileg stefna og markmið út frá Aðalnámskrá og Menntastefnu Akureyrar	3
Með heiminn að fótum sér	3
Markmið skólans og leiðir	5
Leiðir okkar að markmiðunum:.....	5
Lærdómssamfélag í leikskóla	6
Hvernig unnið er að grunnþáttum í menntun og með námssvið skólans.....	7
Stutt samantekt á starfi deilda með grunnþætti menntunar	7
Álfheimur	7
Glaðheimur	8
Þrymheimur	9
Jötunheimur.....	11
Starfsaðferðir skólans	12
Leikur sem starfsaðferð	12
Ferlar sem tengja leik, nám og kennslu.....	15
Skipulagðar stundir	16
Þekking, leikni og siðferðilegt viðhorf sem stefnt er að í starfinu	17
Matskerfi skólans, tengsl við markmið skólans og viðmið sem metið er eftir	18
Innra mat:	18
Gæðaráð	19
Ytra mat:	19
Vinnulag við mat á námi og velferð barna	20
Matstæki.....	20
Foreldrasamtöl.....	20
Áhorf.....	21
Ferilmöppur	21
Hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna	22
Skipulag sérfræðipjónustu	22
Vinnuferli sérkennslumála	23
Markmið og fyrirkomulag samstarfs og tengsla milli skólastiga.....	23
Grunnskólar	23
Tónlistarskólinn á Akureyri	24
Áherslur og leiðir í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélag	24

Móttökuáætlun.....	24
Aðlögun.....	25
Foreldrasamtöl.....	25
Foreldrafélag Íðavallar	25
Foreldraráð Íðavallar.....	26
Hvernig skólanámskrá tekur mið af áhuga og sjónarmiðum barna.....	26
Skólanámskrá er unnin í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna.....	27
Skólanámskrá er samþykkt af foreldraráði.....	27
Skólanámskrá er staðfest af Fræðslusviði Akureyrarbæjar	27
Skólanámskrá birtist á heimasíðu skólans.....	28
Heimildir	29

Um Iðavöll

Leikskólinn Iðavöllur er staðsettur við Gránufélagsgötu á Oddeyrinni. Í skólanum eru rými fyrir allt að 90 börn og skiptist skólinn niður í fjórar deildir sem heita Álfheimur, Glaðheimur, Þrymheimur og Jötunheimur, en heiti deildanna eru sótt í norræna goðafræði.

Gildi og hugmyndafræðilegar áherslur

Helstu markmið skólafarsins eru að öllum líði vel í skólanum, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast.

Áhersla er lögð á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna. Á Iðavelli er fjölmenn- ingarlegt samfélag og mikil áhersla er lögð á mál og málörvun til að styrkja grunn barna til náms og þroska. Starfsfólk skólans leggur áherslu á faglegt uppeldis- og menntastarf og horft er til hugmynda- fræði Reggio Emilia til grundvallar, sjá umfjöllun síðar.

Einkunnarorð Iðavallar eru **þar er leikur að læra**. Í þeim kristallast einkenni leikskólans – að læra gegnum leikinn.

Gildi skólans eru **Virðing – Sköpun – Velliðan** og tengjast beint inn í sérkenni Iðavallar, fjöl- menningu, Reggio Emilia hugmyndafræðina og því markmiði okkar að öllum líði vel í skólanum.

Uppeldisfræðileg stefna og markmið út frá Aðalnámskrá og Mennta- stefnu Akureyrar

Menntastefna Akureyrarbæjar gildir fyrir árin 2020-2025 og ber yfirskriftina „[Með heiminn að fótum sér](#)“. Í henni eru lagðar línur fyrir þau markmið og gæðaviðmið sem stefnt er að í leikskólanum, m.a. út frá Aðalnámskrá.

Með heiminn að fótum sér

Kappsmál er að skólafarf hjá Akureyrarbæ sé framúrskarandi þar sem tekið er tillit til allra barna. Allir sem að menntun barna koma hafa tiltrú á að öll börn geti lært og tekið framförum. Fjölskyldur og skólasamfélagið sýna samstöðu í verki um að vönduð menntun sé lykll að góðu samfélagi.

Í skólum Akureyrarbæjar öðlast börn hæfni til að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf. Til þess fá þau stuðning og hvatningu sem gerir þau hæfari til að lifa og starfa, hvort sem er í ís- lensku eða í alþjóðlegu samfélagi.

Með heiminn að fótum sér er leiðarstef menntastefnu Akureyrarbæjar í þeim skilningi að með samstilltu átaki verði grunnurinn lagður að því að börnum verði flestir vegir færir og að þau geti við lok grunnskólans valið sér leið í samræmi við áhuga og þarfir. Skólasamfélagið vinnur að framtíðarsýn sveitarfélagsins með fyrirheitum um að:

- Setja markið hátt og vinna saman að því að auka stöðugt gæði leiks, náms og kennslu.
- Starfa af metnaði, ábyrgð og umhyggju.
- Starfshættir í skólum Akureyrarbæjar verði öðrum fyrirmynd.
- Koma fram við börn af virðingu og tiltrú og gera skýrar væntingar til þeirra.

Meginmarkmið stefnunnar er að börnum séu skapaðar aðstæður til að geta sem full- orðnir einstaklingar borið ábyrgð á eigin menntun, heilbrigði og velferð.

Grunnþættir menntunar eru leiðarljós í öllu skólafarfi. Þeir varða leiðina að því marki að börn verði sífellt færari um að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð, séu læs á umhverfi sitt, séu skapandi og beri virðingu fyrir jafnrétti, lýðræði og mannréttindum. Börn fá tækifæri til að reyna á eigin skinni hvornig þau geta mótað umhverfi sitt og haft áhrif á sjálfbærni í veröldinni allri.

Áherslur Barnasáttmála og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna birtast með skýrum hætti í námi, leik og starfi enda skuli menntun beinast að því að rækta persónuþætti, hæfni og trú á eigin getu.

Frá fyrstu skrefum barna í leikskólum Akureyrarbæjar til loka grunnskólagöngu er grunnurinn lagður að hæfni þeirra til að bera ábyrgð á eigin námi, tjá og miðla, skapa og gagnrýna, sýna sjálfstæði en jafnframt færni til að vinna með öðrum. Þannig hafi menntastefnan skýra vísun í lykilhæfni Aðalnámskrár.

Mikilvægt er að skólar Akureyrarbæjar í samvinnu við heimilin styðji börn í að takast á við viðfangsefni sín með bjartsýni og þrautseigju að vopni svo hvert og eitt þeirra taki framförum í hverju skrefi.

Samfélagssáttmáli

Menntastefna Akureyrarbæjar er samfélagssáttmáli um skólastarf, áherslur og starfshætti, ekki síst hvernig starfshættir skólanna þurfa að þróast í takt við þær hröðu og miklu samfélagsbreytingar sem eiga sér stað þessi árin. Sátt þarf að vera um að starfsfólk skólanna taki nauðsynlegar ákvarðanir í daglegu skólastarfi sem hafa mótandi og farsæl áhrif á velferð og framfarir barna.

Fyrirséð er að starfshættir skóla þarfnast endurskoðunar í ljósi þess að áherslur skólustarfs eru í ríkara mæli en áður á nýtingu þekkingar og tækni, vinnu með öðrum, sköpun og lausnamiðun og gagnrýna hugsun. Aldrei hefur mikilvægi þess verið meira en nú að börn tileinki sér grundvallardýggðir og viðurkennd samfélagsgildi. Til að svo megi verða þarf skólustarf Akureyrarbæjar að vera framsækið þar sem tekið er mið af rannsóknum í menntun, bæði innlendum sem erlendum.

Bæði skólar og foreldrar verða að taka höndum saman um að vinna að velferð og framförum barna og eiga um það opinskátt og heiðarlegt samtal hvaða stuðning börn þarfnast.

Menntastefna Akureyrarbæjar hvetur menntastofnanir til þess að vera framsækna, mæta þörfum barna og leggja megináherslu á gæði við skipulag leiks, náms og kennslu.

Að áhrif stefnunnar verði til þess að fjölskyldur finni að verið sé að taka ákvarðanir út frá þörfum barnanna og að starfshættir séu í samræmi við þroska þeirra, áhuga, hæfileika og sköpunargæði.

Lykilþættir

Við framkvæmd og innleiðingu menntastefnu Akureyrarbæjar liggja þrjú þættir til grundvallar:

1. Framúrskarandi starfshættir
2. Leikur, nám og kennsla
3. Stjórnun og fagleg forysta

Við innleiðingu stefnunnar skulu allar aðgerðar vera kerfisbundnar, tímasettar og metanlegar.

Framúrskarandi starfshættir

Framúrskarandi starfshættir byggja á sameiginlegri sýn og gildum auk gæðaviðmiða um áreiðanlega starfshætti sem hver skóli setur sér. Þeir lýsa sér í stöðugum umbótum og starfsþróun sem tekur mið af stöðu nemenda, velferð þeirra og framförum. Fjölbreytt gögn um stöðu barna eru markvisst notuð til að vakta framfarir.

Reglubundið innra og ytra mat á skólastarfi er framkvæmt í öllum skólum og brugðist við með úrbótum ef þurfa þykir. Mat á starfsháttum, velferð og framförum skal vera óaðskiljanlegur þáttur í daglegu starfi skólanna og er ein af forsendum þess að skólustarf geti talist framúrskarandi.

Akureyrarbær hefur ríkan metnað til þess að í hverjum skóla starfi hæft og öflugt fólk og að eftirsóknarvert sé að starfa þar. Stuðningur skólayfirvalda við starfsþróun leikur þar stórt hlutverk.

Leikur, nám og kennsla

Leikur, nám og kennsla eru þungamiðja skólustarfs. Starfshættir kennara taka mið af gæðaviðmiðum í skólum þar sem hæfniviðmið og hæfnimiðað námsmat er grunnur að öðru. Læsi, samþætting námsgreina og sköpun eru í fyrirrúmi í námi barna. Umfram allt verða allir sem að menntun barna koma að hafa og sýna í verki óbilandi trú á að hvert barn geti tekið framförum og unnið að eigin velferð.

Brugðist er hratt við og viðeigandi úrlausnir fundnar svo koma megi sem fyrst til móts við ólíkar þarfir barna. Áhersla er lögð á að slík vinna miði ávallt að því að aðgreining verði sem minnst og stöðugt hugað að því að bæta almenna kennsluhætti og námsumhverfi. Öflugt samstarf skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu og annarra fagaðila sem koma að þjónustu við barna-fjölskyldur er mikilvægt.

Áhersla er lögð á stafrænt læsi og nýtingu tækni, samþættingu námsgreina og heildstæða nálgun í námi barna. Vefmiðlar og upplýsingatækni eru nýtt með það að markmiði að hjálpa börnum til að verða virkir þegnar í alþjóðlegu samfélagi.

Leikur, nám og kennsla eru hæfnimiðuð, leiðsagnarnám er haft í fyrirrúmi og megináhersla er lögð á framfarir hvers og eins. Verkviti er gert hátt undir höfði til þess að börn nái í sí- auknum mæli að tengja saman hug og hönd í skapandi umhverfi.

Stjórnun og fagleg forysta

Skólastjórnendur bera ábyrgð á skólastarfi og veita skólum faglega forystu. Stjórnendur bera meginábyrgð á því að menntastefna sveitarfélagsins birtist í daglegu starfi.

Stjórnun skóla einkennist af samvinnu, þátttöku, trausti og virðingu í samskiptum við alla aðila skólasamfélagsins. Stjórnun byggir á lýðræðislegu samstarfi við börn, fjölskyldur og starfsfólk. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við heimili og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og fjölskyldna þeirra.

Skólastarf hjá Akureyrarbæ ber merki öflugssamfélags undir forystu skólastjóra.

Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs- og árangursmiðaða starfshætti sem drífa áfram stöðugar umbætur.

Skipulag skóla gerir ráð fyrir samvinnu starfsfólks, sveigjanleika í skipulagi, teymiskennslu og samþættingu námsgreina. Auk þess byggir skipulagið á fjölbreyttri samvinnu við börn þar sem hlustað er á raddir þeirra.

Reglubundið samstarf er á milli skólastiga og menntastofnana, sem og við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Á sama tíma er öflugt samstarf við listamenn, íþróttafélög og þá sem standa að menningarviðburðum, félagsmálum og félagsstarfi. Litið er svo á að allar þessar samfélagsstoðir myndi eina heild sem við köllum skólasamfélag.

Markmið skólans og leiðir

Helstu markmið skólastarfsins eru að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum.

Leiðir okkar að markmiðunum:

Vellíðan barna í leikskóla byggist meðal annars á virkri þátttöku þeirra í daglegu starfi. Þátttaka barna hefur verið skilgreind sem bein aðild barna að ákvarðanatöku um málefni sem tengjast lífi þeirra á einhvern hátt (Jóhanna Einarsdóttir, 2008).

Meginleið okkar að markmiðum skólans er sú að líta á skólann í heild sem lærdómssamfélag kennara og nemenda þar sem allir eiga rödd og allir hafa áhrif. Aðkoma foreldra að skólastarfinu er einnig dýrmæt. Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna tryggir aðkomu barna að skólastarfinu.

Einnig höfum við vellíðan barna í huga við skipulagningu starfsins og skipulags skólans. Samkvæmt rannsókn Söru Margrétar Ólafsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur (2016) þarf að leita eftir viðhorfum barna og treysta þeim til að ákveða hvað þau vilja fást við í leik sínum og með hverjum. Þannig er líklegra að börnin takist á við viðfangsefni sem þau hafa áhuga á og slíkt stuðlar að sjálf- ræði og styrkir sjálfsmynd þeirra. Umhverfið þarf að vera skipulagt þannig að börnin hafi aðgang að þeim efniviði sem þau þurfa til þess að auðga leik sinn og sköpun. Hugmyndafræði Reggio Emilia er því dýrmæt leið í því samhengi (sjá umfjöllun síðar).

Lærdómssamfélag í leikskóla

Til þess að byggja upp og vinna að góðu námsumhverfi í leikskólum þurfa allir sem þar starfa að vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Í lærdómssamfélagi lærir fólk með og af hvert öðru. Þetta er samfélag kennara sem læra af starfinu og þeir leita leiða til að gera betur með því að ígrunda og rannsaka eigin starfshætti. Til þess að þetta verði að veruleika verða kennarar að tilheyra samfélagi þar sem samskipti, samábyrgð og sameiginleg sýn á nemandann er til staðar og þar sem möguleikar hans og velferð eru í fyrirrúmi (Svava Björg Mörk og Rúnar Sigbórsson, 2011).

Eitt áhugaverðasta verkefni leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla er að skoða, ræða og ígrunda samband barna við umhverfi sitt í námi sínu og þekkingarleit. Verkefni starfsmannahópsins er að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna í samþættu starfi. Það er hornsteinn lifandi lærdómssamfélags í leikskólum. Sameiginleg þekkingarleit starfsfólks, barna og fjölskyldu þeirra felst í því að uppgötva tengsl eigin hugmynda við hugmyndir annarra og sjá þær þróast og taka á sig nýja mynd, því nám er í eðli sínu félagslegt. Þekking skapast í samspili barna og fullorðinna, umhverfis og leikefnis. Mat á þeirri þekkingu felst í reynslunni sem barnið og/eða barnahópurinn fær og leikskólinn sem heild einnig. Því er nám barna ekki metið með samanburði við önnur börn/barnahópa eða aðra leikskóla, heldur í tengslum við þau sjálf. Lærdómurinn felst í því sem á sér stað milli barna, milli barna og fullorðinna, milli barna, leikefnis og umhverfis. Af lærdómnum má þróa og endurskipuleggja starf leikskólans. Þá er einnig hægt að þróa leikefni og annað starf skólans. Verkefni starfsmannahópsins er ekki að stíga til hliðar og athuga nám barnanna, heldur fremur að taka virkan þátt í námi þeirra. Starfsfólkið á að ræða við barnið, spyrja spurninga, styðja við og leika með barninu. Það á að taka virkan þátt í viðfangsefni barnanna og læra með börnunum. Einnig að sjá til þess að umhverfi barnanna sé hvetjandi, hafa efnivið og annað leikefni aðgengilegt, sjá til þess að viðhalda áhuga barnanna og að leikurinn hafi möguleika á að þróast með nýjum hugmyndum sem vakna hjá börnunum. Hugmyndir barnanna og nám á það til að taka á sig óvæntar myndir sem er bæði spennandi og áhugavert. Þar kemur skráning á leikferlinu og náminu að góðu gagni (Þemahefti um námsmat í leikskólum, 2013, bls.7).

Hlutverk leikskólakennarans hefur breyst í gegnum tíðina, mikilvægt er nú að hann sé virkur þátttakandi í skipulagningu á námsumhverfi og viðfangsefnum og sjái um athuganir og skráningar á námi barna. Kennarar skólans bera virðingu fyrir börnunum og sýna jákvæð viðbrögð við áhuga þeirra á því sem þau eru að gera. Kennarar vinna með það að leiðarljósi að börnin hafa rétt á að hafa áhrif á umhverfi sitt og eru sérfræðingar í eigin lífi samkvæmt [Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna](#).

Samkvæmt John Dewey byggir lýðræði á viðhorfum einstaklinga, lífsýn og lífsmáta þeirra. Athafnir einstaklings eru þá tengdar viðhorfum hans og því þurfa samfélagsþegnar að vera virkir lýðræðislega til að samfélagið geti verið lýðræðislegt. Lýðræðisleg viðhorf [barnavænna sveitarfélaga](#) eins og Akureyri, eiga því að lita allt nám og starf barna. Telur Dewey að sameiginlegir hagsmunir, hvort sem er barna eða fullorðinna, eigi að veða jafnt. Allir, óháð stöðu og aldri, eigi að fá jöfn tækifæri til að leggja sitt af mörkum þar sem virðing, virkni og jafnvægi einkennir lýðræðisleg samfélög (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

Við leiðbeinum nemendum í verkefnum sem hæfa aldri og þroska og eflum sjálfshjálpi þeirra. Gefum þeim tækifæri til að læra, meðal annars með því að taka þátt í daglegum störfum og notast við fjölbreyttan efnivið í leik og námi. Við virðum skoðanir og hugmyndir barnanna, notum jákvæða styrkingu og hvatningu og tengjum þannig lærdómssamfélag, hugmyndafræði Reggio Emilia og Barnasáttmálann.

Við mat á markmiðum skólans notum við þau mælitæki sem fjallað er um í kafla um mat á skólastarfi.

Hvernig unnið er að grunnþáttum í menntun og með námssvið skólans

Stærstur hluti daglegs starfs í leikskóla er miðaður að grunnþáttum í menntun leikskólabarna samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Einnig fléttast inn í starfið áherslur skólans sem og Akureyrarbæjar og má þar nefna stefnu og hugmyndafræði skólans sem fjallað er um hér í námskránni, [læsisstefnu Akureyrarbæjar](#) og [menntastefnu Akureyrarbæjar](#).

Stutt samantekt á starfi deilda með grunnþætti menntunar

Nánari útfærslu má sjá í námsmatshandbók þar sem hver deild fyrir sig hefur sett upp leiðir að grunnþáttum og mat á þeim.

Álfheimur

Læsi:

Unnið er eftir læsisstefnu skólans. Á Álfheimi er lagður grunnur að öllu námi sem framundan er hjá börnunum. Að þau efli mál sitt og læsi í víðu samhengi í gegnum fjölbreytta reynslu og efnivið. Náms-efnið Lubbi finnur málbein: daglegar Lubba-söngstundir. Hópastarf 1x í viku – þar læra börnin að vera í hóp og taka tillit til annarra, í hópstarfinu er alltaf skoðuð/lesin bók/saga.

Sjálfbærni:

Kennum börnunum að gera við leikföng og bækur, nýtum þau lengur. Börnin fá taupoka við upphaf leikskólagöngu og nota þá fyrir óhrein föt, tilgangurinn er að draga úr plastnotkun. Við spörum rafmagn, höfum slökkt á ljósum eins og hægt er. Við spörum vatnsnotkun, látum vatn ekki renna að óþörfu og takmörkum notkun sápuafna. Við fáum efnivið frá fyrirtækjum og foreldrum til að nýta í starfinu okkar, notum mikið verðlaust efni.

Heilbrigði og velferð:

Börnin fara í skipulagðar hreyfistundir, lögð er áhersla á útiveru, börnin fá daglega hvíld í notalegu umhverfi. Við leggjum áherslu á að tengjast börnunum og hlúa að þeirra þörfum og velferð. Hreinlæti: sápuhandþvottur fyrir máltíðir og þvottur með blautum klút eftir máltíðir.

Lýðræði og mannréttindi:

Börnin hafa kost á að velja sér viðfangsefni í leik og námi. Einnig fá þau að velja sér af því sem í boði er í matartímum.

Jafnrétti:

Við vinnum eftir jafnréttisáætlun skólans og fjölmenningsstefnu skólans. Á Íðavelli eiga að vera jöfn tækifæri fyrir alla, óháð þjóðerni, fötlun ofl. Við vinnum eftir stefnunni skóli án aðgreiningar.

Sköpun:

Mikil áhersla er lögð á sköpun á Álfheimi. Börnin fá að nota allskyns efnivið til eigin sköpunar. Þeim er leiðbeint en ekki er gert fyrir þau, lögð er áhersla á framfarir hvers barns. Sköpun er mikilvægur

þáttur í leikskólastarfinu og á sér ýmsar birtingarmyndir til dæmis þegar þau teikna mynd eða moka sand. Börnin fara í listasmiðju í hverri viku þar sem unnin eru fjölbreytt verkefni s.s. málað, teiknað, skapað.

Glaðheimur

Læsi:

Við erum að vinna með Hljóðasmiðja Lubba. Í gegnum það efni læra börnin að tileinka sér máhljóðin í gegnum hlustun, sjón og hreyfingu. Við leggjum inn eitt máhljóð í hverri viku og vinnum sérstaklega með það. Við erum að syngja með Lubba, hlusta á Lubbalögin, ríma og fleira. Samverustundir eru á hverjum degi þar gefst gott tækifæri til að spjalla og spyrja spurninga og fá börnin til að tjá sig í hópnum. Hvert barn á sinn stað í samverustund. Staðurinn er merktur með nafni, upphafsstaf og lubbatákni.

Nöfn barnanna eru sýnileg á ýmsum stöðum á deildinni, við erum til dæmis með innskráningarkerfi uppi á vegg, „í leikskólanum/heima“ þar sem börnin finna nafnið sitt og færa það í leikskólann þegar það mætir á morgnana og færa svo heim þegar farið eru á daginn. Einnig eru tölustafir og rím sýnilegt á veggjum deildarinnar. Bækur eru að mestu aðgengilegar börnunum.

Í hópastarfi gefst gott tækifæri til að vinna í minni hópum. Þar vinnum við mikið með orðaforða, hlustun, tjáningu, virðingu og reglur.

Dagskipulag deildarinnar er myndrænt uppi á vegg og í forstofu eru myndir af þeim úti-fatnaði sem þarf að nota hverju sinni.

Bókaormurinn Benni fer af stað þegar sólin hækkar á lofti, samstarfsverkefni leikskóla og heimila. Hugmyndin er að vekja athygli á mikilvægi þess að lesa sér til skemmtunar. Ormurinn er búin til úr pappírshringjum þar sem skrifað er á hvaða bækur eru lesnar heima og í leikskólanum og stækkar því ormurinn eftir því sem fleiri hringir skila sér til okkar.

Sjálfbærni:

Við endurvinnum; lífræn endurvinnsla, flokkum pappír, plast, málm og gler. Við virkjum börnin eins og hægt er í endurvinnslu.

Við nýtum endurvinnanlegan efnivið innan leikskólans í sköpun og leik.

Í útiveru gefast mörg tækifæri á að ræða um þær plöntur og dýr sem þar finnast. Í garðinum erum við með berjarunna og ýmsa ræktun.

Við prufum einnig að setja niður paprikufræ og eplasteina og sjáum hvað gerist.

Til að sporna við matarsóun kennum við börnunum að skammta sér hæfilega á diskinn sinn.

Heilbrigði og velferð:

Við borðum hollan og góðan mat í leikskólanum, ræðum um mat og matarvenjur, börnin fá að skammta sér sjálf á diskinn sinn eins og kostur er. Við hvetjum þau til að smakka allan mat og meta þannig hvernig þeim finnst maturinn.

Líkamsvitund, við syngjum og ræðum um líkamann og aukum þannig líkamsvitund barna.

Hreinlæti og salernisvenjur. Við leggjum mikla áherslu á góðan handþvott, það byrja allir á að þvo sér vel um hendur þegar þeir koma í leikskólann, eins fyrir og eftir máltíðir. Við aðstoðum börnin við að hætta með bleyju og verða sjálfbjarga á salerni undir eftirliti.

Hreyfing er mikilvæg og skipar stóran sess í starfi deildarinnar. Við setjum upp íþróttabraut í það minnst einu sinni í viku. Krakkaþjálfing er einu sinni í viku á Glaðheimi. Útivist er stór þáttur í lífinu, við förum í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag oft tvisvar.

Ástúð og umhyggja. Við berum virðingu fyrir börnunum og veitum þeim þá umhyggju sem þau þurfa. Kennum félagshæfni og samskipti eftir því sem við á og leitumst við að hafa jákvæðni og hlýhug að leiðarljósi.

Lýðræði og mannréttindi:

Samskipti, við hvetjum börnin til að tala saman í stað þess að berja frá sér. Tjá skoðanir sínar og hlusta á og virða skoðanir annarra. Með þessu erum við að styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Við höfum rétt til að vera við sjálf.

Tilfinningar; talað er um tilfinningar til þess að börnin geti betur gert sér grein fyrir því hvernig þeim líður.

Leikföng eru í hæð barnanna og hafa þau tækifæri til að velja sér leikföng, leikfélaga og rými til að leika sér.

Jafnrétti:

Grunnurinn í jafnrétti er virðing fyrir öðrum. Í öllu okkar starfi erum við að vinna að því að kenna börnum að bera virðingu fyrir öðrum manneskjum óháð kyni, aldri, menningu, tungumáli og öðru. Börnin kynnast mismunandi tungumálum. Í leikskólanum eru mörg tvítyngd börn og við syngjum á þeirra tungumálum ásamt því að telja upp í fimm og fræðast um viðkomandi land. Við kyngjum ekki liti, fatnað, leikföng eða annað. Allir hafa rétt til að finnast til dæmis bleikur litur fallegur og vera í kjólum.

Við hvetjum börn til að taka þátt í því sem verið er að gera og ýtum þannig undir hugrekki þeirra. En virðum jafnframt þeirra rétt til að sitja hjá.

Sköpun:

Sköpun í leik og starfi. Við erum alltaf að skapa eitthvað. Börn eru mjög hugmyndarík í leik og við styðjum við ímyndunarafl þeirra með því að skapa aðstæður þar sem þau geta búið sér til eigin ævintýraheim t.d. með leikföngum eða húsgögnum. Við gefum þeim tíma í frjálsum leik svo ímyndunarafl þeirra fái notið sín.

Í listasmiðjunni fá börnin útrás fyrir sköpunarkraftinn með því t.d. að teikna, mála, klippa, líma o.fl. Fjölbreyttur efniviður er í boði sem hægt er að nota til að leika sér með og búa til alls kyns listaverk. Börnin fá að skapa með aðstoð kennara og leitast er við að börnin fái að dvelja eins lengi eða stutt og þau vilja í smiðjunni.

[Prymheimur](#)

Læsi og samskipti:

Prymheimur vinnur markvisst með námsefnið Lubbi finnur málbein og Orðaleik. Hljóðanámið Lubbi finnur málbein byggist m.a. á samþættingu sjón-, heyrnar- og hreyfiskyns sem auðveldar vistun hljóða í minni barna og hraðar tileinkun hljóðanna. Ásamt því vekur hundurinn Lubbi áhuga barnanna og gerir hljóðanámið skemmtilegt og fjölbreytt. Hljóðanámið fléttast auðveldlega inn í dagskipulag leikskólans s.s. samverustundir og hópastarf barnanna.

Orðaleikur er námsefni fyrir leikskólabörn sem læra íslensku sem annað tungumál. Náms-
efnið hentar þó öllum leikskólabörnum og er nýtt sem slíkt. Orðaleikur er m.a. notaður til þess að
efla orðaforða barna og hafa dagskipulag deilda sýnilegt á veggjum deildarinnar svo börnin átti sig á
hvað sé næst á dagskránni. Orðaleikur gefur tækifæri til aukinna samskipta og tjáningar barnanna.

Heilbrigði og velferð:

Áhersla er lögð á jákvæð samskipti svo að börnum og starfsfólki líði vel í leikskólanum. Við erum
kurteis, tökum vel á móti öllum og bjóðum góðan dag og kveðjum í lok dags. Við hvetjum börnin til
þess að setja orð á tilfinningar sínar og nota tungumálið sín á milli í samskiptum, þannig styrkist orða-
forði þeirra, félagsfærni og sjálfstæði sem stuðlar jafnframt að vellíðan þeirra í daglegu lífi. Starfsfólk
deildarinnar leiðbeina börnunum í tilfinningastjórn með því að sýna þeim fordæmi og setja orð á
eigin tilfinningar í vinnu sinni með börnunum og hvert öðru.

Lagt er upp með góðum handþvotti og talað fyrir mikilvægi þess í smitvörnum fyrir okkur
sjálf og aðra. Börnin eiga að þvo sér um hendur eftir klósett ferðir, matmálstíma og útiverur. Börnin
njóta aðstoðar í byrjun, sem svo hægt og rólega dregur úr þegar færni þeirra eykst og þau verða
meðvituð um eigið hreinlæti.

Máttur hvíldar er mikilvægur í annasömu lífi ungra barna. Á þrymheimi er hópnun skipt í
tvennt til að mæta ólíkum þörfum barnanna. Í innra herbergi deildarinnar eru þau börn sem þurfa
svefn en frammi er hinn hópurinn sem þarf þess síður. Í síðarnefnda hópnun er tekið mið af dags-
formi barnanna og starfsmenn finna viðfangsefni sem hæfa börnunum á þeim tíma s.s. bóklestur,
hlustað á sögu eða tónlist með áherslu á að njóta rólegrar stundar.

Útivera er börnum mikilvæg til eflingar á hreyfifroska og frjáls leiks í umhverfi sem reynir á
þau. Leiksvæði Íðavallar er stórt og býður upp á ýmskonar hreyfingu og útinám í gegnum leik.

Sjálfbærni og vísindi:

Lögð er áhersla á sjálfshjálp barnanna. Þau skammta sér sjálf á disk í matsalnum um hádegi og þeim
gefið að huga um leið að matarsóun þ.e. að börnin skammti sér hæfilegt magn og komi frekar oft. Í
forstofunni sækja börnin fötin sín sjálf í hólfin og klæða sig eftir bestu getu. Um leið er þeim kennt að
ganga vel um hólfin sín og sýna öðrum tillitssemi í umgengni.

Börn þurfa að læra að vera sjálfum sér nóg. Í frjálsum leik fara fram mikil samskipti barna á
milli. Í honum eru börnin að máta sig við ýmis hlutverk sem glíma þarf við í daglegu lífi. Við hvetjum
börnin til þess að ræða saman ef upp koma árekstrar og leiðbeinum þeim þegar þess er þörf.
Á þrymheimi er lögð áhersla á sköpun barnanna í leik þeirra og störfum. Leikefni sem eflir og reynir á
rýmisgreind og rökhugsun er aðgengilegt á deildinni. Í boði er efniviður sem sóttur er í náttúruna í
bland við annan efnivið.

Lóð leikskólans gefur af sér efnivið sem er nýtt til náttúruverkefna. Á haustin eru týnd lauf,
greinar, ber og annað sem til fellur og nýtt í sköpunarvinnu barnanna ýmist í föndur eða nánari
athugun s.s. með myndvarpa, á ljósaborði eða með stækkunargleri.

Sköpun og menning:

Á þrymheimi söfnum við hluta af verkefnum barnanna í ferilmöppur þeirra sem eru þeim aðgengi-
legar til skoðunar. Ferilmappan byggist á hugmyndafræði Reggio Emilia og geymir skráningar starfs-
manna á verkefnum, leik og hugmyndum barnanna ásamt uppákomum tengdum deildinni.
Foreldrum er svo boðið að fletta þeim í viðtölum og við lok leikskólagöngunnar fer mappan heim
með börnunum.

Á deildinni er efniviður til sköpunar aðgengilegur s.s. litir, pappír, skæri, málning, perlur, leir og ýmist leikefni til hlutverkjaleika og stuðnings við frjálsan leik barnanna. Leikskólum ber að örva skynjun barna og styðja við sköpunarkraft þeirra. Því reynum við eftir fremsta megni að gera börnunum kleift að nálgast þennan efnivið til sköpunar út frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.

Börnin á deildinni fara reglulega í listasmiðju þar sem þau fást við fjölbreytt verkefni undir handleiðslu kennara. Afrakstur þessara stunda er ýmist nýttur í sameiginleg verkefni barnanna í leikskólanum s.s. til tækifærisgjafa, á veggi leikskólans börnunum til yndisauka, í ferilmöppur þeirra eða til eignar sem þau taka með sér heim í lok vikunnar.

Jafnrétti, Lýðræði og mannréttindi:

Þrymheimur starfar einnig eftir Barnasáttmálanum. Við höfum ávallt í huga hvernig ákvarðanir okkar fullorðnu geta haft áhrif á börnin og höfum hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Sköpuð eru tækifæri fyrir öll börn til að þroskast og eflast á eigin forsendum með ást og umhyggju. Kennarar deildarinnar sjá til þess að börnin nýti rödd sína hvort sem þau eru í frjálsum leik, við val á leikefni eða í samskiptum sín á milli og tryggja að á börnin sé hlustað. Við leiðbeinum börnunum þegar árekstrar verða, sýnum þeim að tilfinningar eiga rétt á sér og að grípa þurfi stundum til málamiðlana til úrlausna. Börnin læra það með tíð og tíma að með opnum samskiptum og það að sýna hvert öðru virðingu og skilning má finna lausnir þrátt fyrir árekstra.

Jötunheimur

Læsi:

Á Jötunheimi vinnum við með verkefnið Lubbi finnur málbein sem er gegnumgangandi í starfi dagsins. Við erum með samverustund og í henni syngjum við, skoðum hvaða dagur og mánuður er, vinnum með hljóðkerfisvitund s.s.rím, samstöfur (klappa orð) og samsett orð einnig erum við með stafainnlögn þar sem við á ýmsa vegu, kynnum einn Lubbastaf og tákn, vinnum með hann, lesin ör-saga, sungin vísa einnig skoðum við myndir með orðum sem hafa viðkomandi upphafsstaf.

Við vinnum með hljóð, takt og rím, tölur og talnagildi, hlustun og eftirtekt og margt fleira, meðal annars til að undirbúa frekara lestrar-,skriftar- og stærðfræðinám.

Sögustund er eftir hádegismat þar sem lesið er fyrir börnin. Ýmist eru lesnar stuttar sögur, farið í leiki eða lesnar framhaldssögur.

Við erum með hópavinnu þar sem börnin eru í listsköpun, æfa sig að leysa margskonar verkefni og fara í vettvangsferðir.

Sjálfbærni:

Á Jötunheimi kennum við börnum að þekkja umhverfi sitt, læra að ganga um það af virðingu og bera virðingu fyrir umhverfinu m.a. fara vel með allan gróður og líf í garðinum. Mikið er lagt upp úr því að vinna með endurnýtanlegan efnivið í skapandi starfi. Börnin skammta sér sjálf í matartímum þar sem þau fá þjálfun í að skammta sér sjálf hæfilega á diskana.

Jafnrétti, Lýðræði og mannréttindi:

Við vinnum með barnasáttmálann kynnum þau réttindi sem þau eiga. Börnin kjósa um það sem ágreiningur er um t.d. hvert á að fara í gönguferð eða hvaða bók á að lesa og læra að sætta sig við að meirihlutinn ræður. Þau læra að þau geta haft áhrif á ýmislegt sem gerist í leikskólanum ef þau tjá sig

um það. Við aðstoðum að leysa úr ágreiningi með því að tala saman.

Við vinnum með jafnrétti sem er að skapa tækifæri fyrir alla. Á deildinni eru börn af mismunandi þjóðernum og mismunandi þarfir við sköpum tækifæri fyrir öll börn til að þroskast og skapa á eigin forsendum. Kennarar eru meðvitaðir um að öll smáatriði skipta máli þegar kemur að jafnrétti. Það skiptir máli hvernig við tölum og bregðumst við því sem börnin eru að ræða.

Heilbrigði og velferð:

Við gætum að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barnanna með því að ýta undir jákvæða sjálfsmynd með því að tjá sig. Ávextir í afmælum, hreyfing í útiveru og hópleikjum. Lagt upp úr hollri og góðri næringu. Við leggjum áherslu á kurteisi, góða og snyrtilega umgengni sem er gegnum gangandi yfir daginn.

Sköpun:

Við leggjum áherslu á sjálfstæð vinnubrögð og að börnin fái að skapa á eigin forsendum. Við notum perlur og börnin hafa aðgang að blöðum litum, skærum, lími og leir einnig fara þau í listasmiðjuna þar sem þau mála og/eða smíða úr ýmsum efnivið. Í sögustundum eru lesnar bækur og svo er umræða um söguna/bókina og teiknaðar myndir úr sögunni.

Starfsaðferðir skólans

Eins og áður segir eru einkunnarorð Íðavallar; *þar er leikur að læra*. Leikurinn er því eðlilega einkenni starfsins í leikskólanum.

Mikilvægi leiks og sköpunar er opinberlega viðurkennt hér á landi og alþjóðlega, m.a. í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Að leika og vaxa eru samheiti við lífið. Leikgleði endurspeglar sköpun og aðgerð, breytingar og möguleika á umbreytingu. Leikur endurspeglar þannig tilveru sjálfsins, þann hluta manneskjunnar sem er til bæði sjálfstætt og í samspili, sem getur velt fyrir sér og verið meðvitaður um eigin tilvist. Með leik öðlast barnið sjálfræði að nokkru leyti með samþættingu innri og ytri veralda sinna (Wood, 2013).

Leikur sem starfsaðferð


Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikur sé meginnámsleið leikskólabarna og að rými og efni viður í leikskólum skuli vera þannig úr garði gerður að hann vekir forvitni barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Í 2. grein laga um leikskóla segir að börnum skuli búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðlað skuli að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi (Lög um leikskóla nr. 90/2008), enda leikurinn vettvangur þar sem börn geta átt í jákvæðum uppbyggilegum samskiptum, fengist við margskonar tilraunir og leyst hin ýmsu vandamál og síðast en ekki síst, öðlast skilning og nýja þekkingu. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að hlutverk kennara í leik barna sé mikilvægt og margþætt, auk þess að sjá börnum fyrir fjölbreytilegu leikumhverfi, skapandi efniviði, tíma og rými, sé skynsamlegt að spyrja börnin opinna spurninga og styðja við jákvæð samskipti, sjálfspottnar athafnir þeirra og nám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Meckley (2002) hefur sett fram skilgreiningu á leik, byggða á hugmyndum Garvey á ein-kennum leiks. Þegar starfsmenn deilda meta leik sem námsleið á sinni deild eru eftirfarandi skilgreiningar hafðar í huga:

1. Leikurinn er valinn af börnum
2. Leikurinn er „búinn til“ og fundinn upp af börnum
3. Leikurinn er í þykjustunni, en er framkvæmdur eins og um veruleika sé að ræða.
4. Leikurinn fókuserar á framkvæmd – ekki útkomu.
5. Leikurinn er framinn af börnum – ekki fullorðnum.
6. Leikur krefst virkrar þátttöku.
7. Leikur er skemmtilegur.

Eins og þessi flokkun sýnir er leikurinn fjölbreyttur og flókinn. Hvað fullorðnir vilja eða velja að sjá í leik barna er ekki endilega í samhengi við markmið og meiningu barna, vegna þess að þau eru ekki augljós eða aðgengileg. Það er vegna þess að leikur á sér stað í huganum, og myndlíkingar eru samtvinnaðar menningarreynslu og ímyndunarafli barna. Leikur endurspeglar vitsmunalega, árangursríka, menningarlega, tímabundna, félagslega og líkamlega samþættingu, sem innifelur tengingar milli: Raunveruleika og ímyndunar, hversdagsleika og leikjaveraldar, fortíðar, núsins og framtíðar, rökréttu og fáránleika, þess þekktu og óþekktu, þess sem er og þess sem gæti verið, öryggis og hættu, skipulags og sveigjanleika, óreiðu og regluverks (Wood, 2013).

Börn leika ekki bara með hluti og efnivið. Þau leika með tilfinningar, merkingu, hugmyndir, hlutverk og tengsl, og taka stundum miklum framförum vitsmunalega í leiknum. Það sem börn læra gegnum leik er meðal annars:



Leikur stjórnast af innri og ytri hvötum. Lærdómur leiðir þroska vegna þess að börn eru alltaf tilbúin að prófa eitthvað sem er rétt utan við núverandi getu þeirra. Viljug til að læra meira, geta meira. Í leik eru þau að prófa sig áfram og útvíkka þekkingu og kunnáttu sína (Wood, 2013).

Vygotsky setti fram kenningu um nám og leik barna (1978). Í henni kemur fram að þroska-svæði barna (zone of proximal development) liggur á milli þess sem barnið ræður við að gera eitt og sjálft og þess sem barnið getur með stuðningi hæfari einstaklinga. Leikurinn er mikilvægt tæki til að æfa kunnáttu sína og því leið barna til þroska. Í leik getur barn gert ýmislegt sem það getur ekki í

raunveruleikanum. Það sem barn getur með stuðningi í dag, getur það án stuðnings á morgun. Til þess að efla þroska þarf því að setja markið hærra en barnið ræður eitt og óstutt við (Vygotsky, 1966). Þess vegna sé hlutverk fullorðinna í leik barna og leikumhverfi afskaplega mikilvægt ásamt því að kennarar þekki áhuga barnsins. Þegar barn leikur sér með öðrum, hvort sem um er að ræða jafningja eða lengra komna, geta þau einnig víkkað þroskasvæðið vegna hvetjandi þátta sem eiga sér stað í félagslegu samspili leiks (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Þannig byggir barnið upp þekkingu sína í samskiptum við þroskaðri einstaklinga og öðlast með tímanum það trausta þekkingu að hún getur nýst því án stuðnings og utanaðkomandi örvunar (Meyvant Þórólfs-son, 2003)

Tengsl náms, menntunar og reynslu eru mikilvægur þáttur í menntunarfræði Dewey. Allt nám á sér stað með tilstyrk reynslu og í því felst að samfella þarf að vera í reynslu barna þannig að athafnir og upplifanir byggja á því sem þegar hefur verið reynt og fengist við. Þess vegna þarf skóla- starfið að taka tillit til reynslu barnsins svo hægt sé að byggja ofan á hana (Dewey, 2000b). Jafnvægi þarf að ríkja milli þess gamla og nýja, þess nálæga og fjarlæga og þannig er það sem við þekkjum notað til þess að kveikja hugsun þegar ná þarf tökum á nýjum áskorunum. Einnig þarf jafnvægi að vera milli erfiðra og auðveldari verkefna, þar eigi besta hugsunin og námið sér stað. Of auðveld verk- efni gefa ekki tilefni til rannsókna og náms, og of mörg erfið viðfangsefni vekja vonleysi (Dewey, 2000a).

Hlutverk og höfuðábyrgð kennara í námi og þroska barna er að gera sér grein fyrir því almenna lögmáli að nám og reynsla mótist af námsumhverfi, heldur einnig að þeir viti hvaða um- hverfi stuðli best að reynslu sem veiti þroska. Kennarar eiga að kunna að setja upp og hagnýta efnis- legt og félagslegt námsumhverfi til að skapa sem best námsskilyrði gegnum leik (Dewey, 2000b). Þar sem margmenning er einkennandi fyrir starf Íðavallar er mikilvægt að þekkja reynslu allra barna svo hægt sé að byggja gott námsumhverfi (Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2016)

Gæða leikskólaumhverfi styður við leik, lærdóm og kennslu, og tryggir aðgang og þátttöku allra barna. Frjáls aðgangur að efnivið og leiksvæðum styður val barna, en að því sögðu getur þurft að takmarka aðgang þegar ástæður eru til. Kennarar geta bæði takmarkað og stutt við athafnir barna og er mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir því hlutverki sínu. Leikumhverfi og leikefni eru þess vegna mikilvægir þættir sem meta skal þegar skoðað er hvort skólastarf styðji við nám gegnum leik. Þegar starfsfólk metur leikinn í sínu starfi skal skoða:

*Tíma, rými og gæði efniviðar og umhverfis

*Tækifæri til áskorana, útfærslu og tilfærslu leiks


*Stuðning frá öðrum, jafningjum og lengra komnum – börnum og fullorðnum

*Tækifæri til að tengja milli heima – skóli/heimili – þekking/reynsla

*Tækifæri til að öðlast sjálfstraust, samskipti og umhyggju

*Að leikur sé viðurkenndur sem mikilvægur, frjálsræði og sveigjanleiki til að forma umhverfi og at- hafnir. En þetta er það sem börn þurfa til þess að læra gegnum leik (Wood, 2013).

Hlutverk kennara er meðal annars að meta gæði námsumhverfisins. Leikur og leikaðstæður eru metnar reglulega á hverri deild. Þar er farið yfir áðurgreinda þætti og rýniverklagi beitt.



(Wood, 2013)

Ferlar sem tengja leik, nám og kennslu

Það er þrennt sem hægt er að nota til að skilja ferlin sem tengja leik, nám og kennslu. Í fyrsta lagi að leikur hefur sitt hlutverk í námi og þroska vitsmunalegra-, tilfinningalegra- og hreyfipátta hvers einstaklings.

Í öðru lagi skipta þeir vitsmunalegu ferlar og hlutverk sem tengja leik og nám máli yfir ólík aldurs skeið, tímabil og námsþætti. Jákvæð tenging leggur grunninn að ævilöngu námi gegnum leik þegar við kynnumst nýjum tækjum, tækni og tækifærum til vinnu og tómstunda.

Í þriðja lagi tengja börn við þau þekkingarform sem eru skilgreind sem náms svið og námsgreinar í skólanámskrá, t.d. læsi, stærðfræði, tækni, skapandi greinar og hugvísindi (þekking og skilning á veröldinni).

Námskrá og starf leikskóla verður þess vegna að endurspegla að börn skilja og njóta námsþekkingar, færni og hugtaka. Kennarar þurfa að skilja þá mikilvægu uppeldisfræðilegu nálgun að ung börn geti kynnst námsgreinum svo framarlega sem þær eru settar fram í samhengi og á innihaldsríkan hátt (Wood, 2013). Kennarar Íðavallar þekkja mikilvægi þess að aðlaga námsefni og umhverfi að aldri og þroska nemenda enda rímar slíkt vel við hugmyndafræði [Reggio Emilia](#) um umhverfið sem þriðja kennarann. Sem dæmi má nefna að hlutverkaleikur tengist læsi, lestri, sögum og tilfinningalæsi. Þar má einnig æfa leiðtoga hæfileika og jafnrétti, forma hugmyndir, leysa vandamál, útskýra mál sitt og beita hugmyndaauðgi. Einnig eru matartímar, forstofa, leikur með efnivið eins og kubba og fleira upplögð kennsla í stærðfræði. Tækni er svo skemmtileg viðbót við námsumhverfi, sem dæmi Blue-Bot forritunarbjallan og ýmis smáforrit og gagnvirkir leikir í spaldtölvum.

Leikurinn gerir börn meðvituð um félagslegar reglur sem gilda í umhverfinu. Í gegnum leikinn læra börnin, efla þroska sinn, þau æfa samskipti og viðeigandi hegðun. Leikur býður upp á flæði og hefur þau áhrif að börnin skapa og gleyma sér í leiknum. Börnin hafa aðgang að mismunandi rými og leikefni í leiknum. Allir utanaðkomandi þættir hafa áhrif á leikinn og hann þróast í samræmi við það.

Skipulagðar stundir

Hópastarf er á hverri deild. Tilgangur hópastarfsins er að börnin læri að vinna og leika sér í hóp og taka tillit til hvers annars. Þetta er einnig góður grundvöllur fyrir tengslamyndun við jafnaldra sína. Hver deild útfærir hópastarf eftir aldri og þroska barna, en alla jafna er barnahópnum skipt niður í minni hópa á deildum og hver hópur hefur hópstjóra sem sinnir hópnum. Þannig getur hópstjóri fylgst náið með sínum hópi, þroska og framförum hvers barns fyrir sig.

Söng- og samverustundir eru daglega á öllum deildum og þessar stundir eru markvisst notaðar í málörvun, sem um leið eflir samskiptahæfni og tjáningu barnanna.

Listasmiðjur eru staðsettar á tveimur stöðum í leikskólanum. Þar er geymdur efniviður og áhöld til listskópunar. Í smiðjum vinna myndlistamenntaðir leikskólakennarar við sköpun með börnum af öllum deildum alla daga fyrir hádegi sem endurspeglar vinnulag Reggio hugmyndafræðinnar.

Matartími og hvíldartími er alla daga milli 11 og 13. Þar sinnum við mikilvægum þáttum heilbrigðis og hollustu. [Matseðlar](#) leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar byggja á útreikningum á næringarþörfum barna og eru settir upp sem 4 vikna matseðill sem rúllar. Allir skólar hafa sama grunnhráefni í matinn hvern dag, en hafa frjálsræði með útfærslu og eldun. [Matseðill Íðavallar](#) er birtur á heimasíðu skólans.

Á Íðavelli borða öll nema yngstu börnin í matsal. Markmið með matsal tengjast [Barnasáttmálanum](#) og eru sjálfhjálpa, valdefling og virðing. Við leggjum áherslu á að í matmálstímum geti börnin haft áhrif á, stjórnað og valið: Hvað þau borða, hve mikið þau borða, skammta sér sjálf, með hverjum þau borða, hve lengi þau eru að borða og bera ábyrgð á því að ganga frá eftir sig. Kennarar koma athugasemdum og óskum barna um matinn til skila til matarteymis sem setur upp matseðil skólans.

Orkupörf og matarlyst barna er mismikil. Matarsmekkur barna er að þroskast og hann er oft annar en hjá fullorðnum. Mörgum börnum er til dæmis illa við að blanda fæðutegundum saman og er eðlilegt að taka tillit til matarsmekks barna við skipulag matseðla og framsetningu matar. Það getur varla talist eðlilegt að krefjast þess að barn borði það sem því finnst vont. En það dregur ekkert úr mikilvægi þess að hvetja barn til að smakka, til dæmis með því að greina frá mikilvægi matarins fyrir vöðva líkamans o.s.frv. Við hvetjum börnin til að smakka allan mat en það er ekki skylda að borða allt.

Hlaðborð í matsal getur skapað margþætta möguleika, til dæmis er hægt að bjóða upp á fjölbreyttari mat en annars. Hlaðborð getur einnig stuðlað að valdeflandi aðstæðum fyrir börn ef þeim gefst tækifæri til að velja sjálf, hvað af hráefninu/matnum þau vilja. Sérhverft barn setur þannig saman eigin máltíð á diskinn sinn, hvað það vill eða þorir að prófa hverju sinni. Meiri líkur er á að barn borði vel sem velur matinn sjálf, finnur að því er treyst til verksins og öðlast meiri trú á eigin getu til að stjórna, læra að þekkja og hlusta eftir eigin magamáli. Þá læra börnin einnig að; njóta fegurðar, bera virðingu fyrir mat, taka tillit til annarra, hafa þolinmæði við að bíða eftir að röðin komi að þeim og eiga í samræðum við skólafélaga undir hollri og ljúffengri máltíð.

Í hvíldartíma eftir hádegismat sofna yngstu börnin og sinna þannig svefnþörf sinni og mikilvægum þroska. Eldri börnin taka líka pásu frá dagsins önn, leggja sig eða setjast í rólegheitum og hlusta á góða bók eða tónlist. Við teljum mikilvægt fyrir andlega heilsu, ekki síður en líkamlega að taka sér pásu frá dagsins erli og hvílast.

Námsefnið [Lubbi finnur málbein](#) eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur talmeinafræðinga er notað markvisst á Íðavelli. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar að læra að tala, en þarf þá að læra öll íslensku málhljóðin. Börnin hjálpa Lubba að læra með söng og æfingum sem fylgja námsefninu. Námið gengur út á hljóðnám í þrívídd með samþættingu sjón-, heyrnar og hreyfi/snertiskyns. Hver deild útfærir vinnu með námsefnið eftir aldri og áhugasviði nemenda. Náms-efnið hentar einstaklega vel í vinnu tengdri læsisstefnu Akureyrarbæjar.

Stór hluti barnahópsins á Iðavelli eru börn með íslensku sem annað mál og hefur sá hópur farið stækkandi síðustu ár. Iðavöllur hefur unnið ötult starf í formi þróunarstarfs með þessum barnahópi og fjölskyldum þeirra. Málörvun er í forgrunni og fjölskyldurnar eru hvattar til þess að vinna með heimamálið t.d. með því að tala við börnin, lesa bækur og syngja lög á sínu tungumáli. Lögð er áhersla á að börnin fái einnig að fá að nota og kynna þeirra móðurmál fyrir samnemendum sínum. Þau læra að syngja lög og að telja frá 1 upp í 5/10 á þeirra tungumáli. Samverustundir eru til að mynda notaðar til þess að læra lög og að telja á öllum þeim tungumálum sem töluð eru á deildinni. Þau fá einnig tækifæri til þess að segja frá sínu heimalandi og sýna hópnum myndir og/eða myndbönd.

Þekking, leikni og siðferðilegt viðhorf sem stefnt er að í starfinu

Í Aðalnámskrá er hæfnipáttum lýst sem stefnt er að við lok leikskóla. Þættirnir eru byggðir á grunnþáttum menntunar og ákvæðum í leikskólalögum. Í kafla námskrárinnar um námssviðin og um mat á námi og velferð barna eru hæfniviðmið lögð til grundvallar mati á námi barnanna. Leikskólakennarar og annað starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að börn nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram á námssviðum leikskólans. Um þau má nánar lesa í námsmatshandbók leikskólans sem finna má [hér](#).

En það er ekki eina markmið leikskólastarfsins. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er lagður grunnur að lýðræði og borgaravitund barna, sjálfstæði þeirra og sérstöðu einstaklingsins. Í umfjöllun hér að framan er komið inn á þætti sem eru samofnir starfi leikskólans og eru til þess fallnir að styrkja við og forma slíkan grunn. Má þar nefna að Akureyri er barnvænt samfélag, Barnasáttmálann og Menntastefnu Akureyrar, sem til samans leggja skólum skyldur á herðar að leggja grunn að farsæld hvers einstaklings.

Félagsleg hæfni (e. *social competence*) hefur verið skilgreind sem hæfni til að geta átt í árangursríkum eða skilvirkum samskiptum (Rose-Krasnor, 1997). Hugtakið er ákveðið yfirhugtak þar sem hugtökin félagsfærni og samskiptahæfni ásamt siðferðiskennd og tilfinningaþroski falla undir félagsleg tengsl (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Hlúa þarf að félagslegum þroska barna með áherslu á samskiptahæfni, siðferðiskennd og tilfinningahæfni þar sem félagsleg hæfni og sterk sjálfsmynd er grunnþáttur borgarvitundar og samfélagslegrar þátttöku. Í lýðræðisþjóðfélögum er stefnan sú að efla borgaravitund barna og styrkja lýðræði í skólum með það að markmiði að börn læri að hafa áhrif og bera ábyrgð (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015).

Virðing, umburðarlyndi, samvinna og góð framkoma eru mikilvægir eiginleikar sem allir þurfa að þroska með sér. Á Iðavelli er unnið með þessa þætti í daglegu uppeldisstarfi og birtist mat á þeim í ferilmöppu barnsins og mælitækjum eins og TRAS. Markmið skólans er að yfir 90% barna komi vel út úr slíku mati.

Jákvæð sjálfsmynd, leikni í að nýta sér þekkingu sína og hæfni í mannlegum samskiptum ásamt félagsfærni eru allt þættir sem stefna ber að í leikskólastarfinu. [Agastefna Iðavallar](#) heldur utan um þau gildi sem stefnt er að í starfi með börnunum.

Matskerfi skólans, tengsl við markmið skólans og viðmið sem metið er eftir

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélásins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað til þess að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrár sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá bls. 26 -27, 54).

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem er samþætt daglegu starfi leikskólans og felur í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna. Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi, líðan og áhugasviði.

Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, og að lokum tjáningu og samskipti (Þemahefti um námsmat í leikskólum, 2013. bls. 7).

Vinnulag við mat á námi, þroska, vellíðan og færni er sett upp í [námsmatshandbók lðavallar](#) sem finna má á heimasíðu skólans og er aðgengilegt öllum hlutaðeigandi. Farið er yfir niðurstöður fyrir hvert og eitt barn í foreldrasamtölum sem eru tvisvar á ári, auk þess sem foreldrasamtölin eru sjálf hluti af mati skólans. Matsaðferðir og niðurstöður úr mati spegla starf og frammistöðu leikskólans í heild, ekkert síður en stöðu hvers barns fyrir sig.

Námsmat hefur breyst með tímanum og nú er litið svo á að börn taki framförum á ólíkum hraða og fylgst er með áhugasviði hvers barns, getu, styrkleikum og hæfni. Nám og framfarir nemanda eru hvorki borin saman við aðra né fyrirfram gefin viðmið. Horft er á barnið sem hæfileikaríkt, og þarf námsmat að snúast um virkni barns þegar það fæst við viðfangsefni sem vekur áhuga þess og þar sem það nýtir styrkleika sína (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Námsmatið á að beinast að áhuga barna, getu og hæfni og þar sem börn eru mismunandi og sýna hæfni, getu, þekkingu og áhuga á ólíkan hátt þarf námsmatið að vera einstaklingsmiðað. Ekki má bera framfarir barns við önnur börn né fyrirfram gefin viðmið og matið á að vera gert á þann hátt að það efli börnin í leik og starfi. Þegar kemur að því að skoða þroska, nám og velferð barna skal leggja áherslu á alhliða þroska. Huga skal að sjálfstæði, áhugasviði, þátttöku í leik inni og úti, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkrafti, tjáningu og samskiptum barna við önnur börn sem og starfsfólk leikskólans. Námsmatið á jafnframt að efla sjálfstraust og sjálfsmýnd barnsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Innra mat:

Leikskólar bera sjálfir ábyrgð á innra mati. Í Aðalnámskrá leikskóla bls. 27, 54 og 55 er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast í skólanámskrá.

Í Aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólafsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólafstarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur í ársáætlun, sem birt er á heimasíðu skólans.


Gæðaráð

Innra mat Íðavallar er skipulagt og stýrt af matsteymi, öðru nafni *gæðaráði*. Gæðaráð samanstendur af 4-5 aðilum í senn, einum fulltrúa stjórnendateymi, einum úr sérkennsluteymi, einum úr kennarateymi/starfsliði skólans ásamt fulltrúa foreldra. Skipulag innra mats er sent foreldraráði til umsagnar og álits. Matsteymið gerir matsáætlanir, vinnur greinargerðir og umbótaáætlanir ásamt því að virkja aðra hópa með sér í matinu.

Innra mat snýr að markmiðum leikskólans í stjórnun, uppeldis og menntastarfi, mannauði og skólabrag. Einnig er metin framkvæmd menntastefnu Akureyrar og Aðalnámskrár.

Stuðst er við heftið *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólafstarfs* eftir Björk Ólafsdóttur (2014), *gæðaviðmið Menntastefnu Akureyrarbæjar* (2020) og *Þemahefti um námsmat í leikskólum* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) ásamt öðrum viðmiðum sem matsteymi setur hverju sinni.

Mat er viðvarandi verkefni og hverfist um skólanámskrá og starfsáætlun skólans.



Úr Leiðbeiningar um innra mat leikskóla (2016)

Við skólann fer fram námsmat sem lesa má um í [námsmatshandbók](#), en að auki eru notuð matstæki til þess að meta leikinn, sem er eitt helsta námstæki barna í leikskóla, mat á agastefnu skólans, og í grundun kennara og starfsfólks á eigin starfsháttum.

Ytra mat:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög sjá um ytra mat leikskóla sem á að felast í úttektum á skólafstarfinu og/eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð Akureyrarbæjar hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla bæjarins samræmist [lögum um leikskóla](#), reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir ársskýrslu, starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum áætlunum sem eiga við hverju sinni. Fræðsluráð ber ábyrgð á að

skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með marvissum hætti.

Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfskannanir um líðan og menntun barnanna sem og kannanir meðal starfsmanna þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar. Mennta- og menningar- málaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. þess hlutverks skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskipta- hæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla).

Ytra mat framkvæmt af menntamálaráðuneyti á Iðavelli var síðast framkvæmt árið 2010. Skýrsluna má finna á [heimasíðu skólans](#) en vert er að muna að skólastarfið er í stöðugri þróun og hefur tekið miklum breytingum síðan.

Vinnulag við mat á námi og velferð barna

Mat á námi og þroska nemenda er órjúfanlegur þáttur skólastarfs. Iðavöllur nýtir ákveðin matstæki til þessarar vinnu ásamt öðrum viðurkenndum aðferðum sem lesa má um í [námsmatshandbók](#).

Matstæki

Ýmis matstæki eru notuð í leikskólanum í tengslum við sérkennslu, en við notum TRAS, MIO og HLJÓM-2 sem skimunarverkfæri fyrir alla nemendur Iðavallar.

TRAS er skráning á málþroska og félagsþroska ungra barna. TRAS-skráningartækið hjálpar leikskólakennurum að finna þau börn sem hafa frávik í málþroska og grípa inn í með markvissum aðgerðum ef um frávik er að ræða með snemmtækri íhlutun.

HLJÓM-2 er greiningartæki sem er lagt fyrir að hausti til að meta hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Þar er verið að kanna þættina rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhluta- eyðingu og hljóðtengingu. Í framhaldinu er unnið áfram með þá þætti sem hafa komið slakir út hjá einstaka börnum og foreldrar allra barna fá leiðbeiningarblað um hvernig megi vinna heima. Á vorin er HLJÓM-2 lagt aftur fyrir öll börn og þær niðurstöður fylgja börnunum í grunnskólann.

MIO er skimun á stærðfræðiþroska barna á leikskólaaldri og hjálpar starfsfólki að átta sig á þeirri stærðfræðifærni sem hvert barn hefur tileinkað sér. Skimunin hjálpar starfsfólki að koma auga á frávik og grípa inn í með markvissum aðgerðum og snemmtækri íhlutun. MIO er lagt fyrir öll börn í leikskólanum á ákveðnu aldursbili.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru einnig nýtt til mats á starfinu. Í gegnum samtöl við foreldra heyrum við um hvernig börnum líður, hvort þau ná að njóta sín í skólanum, áhugasvið þeirra og hvernig námið í leikskólanum endurspeglast heimavið. Samtöl við foreldra gefa því mikilvæga vísbendingu um hvort leikskólinn sé að ná markmiðum sínum um að öllum líði vel, nái að njóta sín og þroskast og að samskipti séu góð.

Áhorf

Áhorf kennara er markvisst nýtt til mats. Áhorf getur falist í því að kennari deildar fylgist með einstaklingum eða hópum innan deildarinnar til að skoða samskipti, nám, leik eða annað. Einnig getur áhorf falist í að starfsmenn fylgist með öðrum starfsmönnum í starfi og gefið jákvæða og uppbyggilega endurgjöf um starf og samskipti. Einnig notar sérkennsluteymið oft áhorf til að koma með tillögur um breytingar á vinnulagi þegar krefjandi aðstæður eru á deildum.

Ferilmöppur

Fjölbreyttar leiðir eru til við gerð og utanumhald ferilmöppu en tilgangur hennar er að safna verkum og námsferli nemenda saman á þann hátt að hægt sé að efla ígrundun og mat á námi og þroska jafnframt því að gefa upplýsingar um framfarir barnsins og líðan þess. Börnin taka þátt í að safna gögnum í möppuna sem gefur tækifæri til að sjá hvar áhugi hvers og eins liggur. Ferilmappan á að geta sagt sögu barns, hvar kunnátta þess, þekking og áhugi liggur og hvernig barnið hefur lært í gegnum verkin sín á leikskólagöngunni. Það er mikilvægur liður í ferilmöppugerð að ígrundun með samstarfsfólki, barninu sjálfu og foreldrum þess fari fram. Barnið sjálft og foreldrarir geta varpað ljósi á verk barnanna og bætt við mikilvægri þekkingu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Ferilmöppur nemenda eru þess vegna teknar með í foreldrasamtöl á lðavelli.

Ferilmöppur nemenda lðavallar eru byggðar á þáttum úr *Þemahefti um námsmat í leikskólum* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Þeir eru:

**Vellíðan*, að barninu líði vel í leikskólanum, að það sé í góðu tilfinningalegu jafnvægi. Barnið þarf að fá holla næringu og góða hvíld og eins þarf að vera fjölbreytt val af viðfangsefnum í boði. Barnið á að fá að tjá líðan sína og skoðanir ásamt því að fá að hafa áhrif.

**Að tilheyra*, barnið á að upplifa öryggi í daglegu lífi og skipulagi leikskólans og að það eigi ákveðinn sess í leikskólanum. Barnið fær að taka þátt og er viðurkennt eins og það er. Barn á að fá að upplifa tengsl leikskólans við fjölskyldu sína. Samskipti, barnið sýnir fjölbreyttar tjáningarleiðir og sköpunarþörf í gegnum leikinn, meðal annars í gegnum listsköpun, kubbaleik og hlutverkaleik.

**Forvitni*, það er mikilvægt að börn fái að reyna á sig, félagslega, tilfinningalega og líkamlega þegar það kannar nýja hluti og rannsakar nýjar aðstæður því þá er barnið að vinna í því að styrkja sjálfsmyndina, og skilning á sjálfu sér sem hæfum og virkum þátttakanda í leikskólanum.

**Þátttaka í nærsamfélagi*, það er mikilvægt fyrir barnið að upplifa sig sem hluta af samfélaginu og að eignast vini. Þegar barnið eignast vini þarf það að læra að taka tillit til annarra, huga bæði að sinni velferð og velferða annarra og læra að vinna með öðrum sem og læra að leysa úr ágreiningi.

Einnig þarf að huga að tilfinningaþroska, málþroska, líkams- og hreyfiþroska, félagsþroska og félagsvitund, vitsmunþroska og siðgæðisþroska og siðgæðisvitund barnanna.

Verklag um ferilmöppur á lðavelli byggir einnig á markvissum ferilmöppum (focused portfolios) sem Gronlund og Engel hafa sett fram. Þær ætla markvissum ferilmöppum það hlutverk að nýtast til að meta nám og þroska barna í gegnum daglegar venjur í leikskólanum í stað þess að notast við próf. Þannig geta kennarar framkvæmt mat sem felur í sér að varpa ljósi á getu barna og þroska, áhuga og námsferlið í sínu náttúrulega umhverfi í stað þess að setja börnin í sérstakar aðstæður til að prófa kunnáttu þeirra. Markvissum ferilmöppum er ætlað að halda utan um skráningu á námsferli barnsins, en gögnin geta verið verk barnsins, ljósmyndir úr starfinu eða skráning á reynslu barnsins. Tvisvar til þrisvar á ári er síðan efni möppunnar ígrundað með samkennurum, barninu og fjölskyldu þess og ef þarf eru sett fram markmið varðandi þroska og getu barnsins sem leikskóli og fjölskylda vinna saman að (Gronlund og Engel, 2019).

Skráningarnar sem um ræðir tengjast verklagi Reggio Emilia hugmyndafræðinnar, þar sem uppeldislegar skráningar, bæði skriflegar og myndrænar, eru hluti af námsferli og mati (Rinaldi, 2005).

Á Íðavelli fara þessir þættir ekki allir saman í eina ferilmöppu, heldur eru ákveðin tæki nýtt til utanumhalds auk hefðbundinnar möppu. Myndir eru allar geymdar á svæði barna í Karellen. Skráning þroskápátta í Hljóm-2, TRAS og MIO eyðublöðum og niðurstöður úr foreldrasamtölum og ýmsar skráningar á til þess gerðum blöðum. Símat fer fram tvisvar á ári kringum foreldrasamtöl og útfyllingu TRAS. Allt er þetta síðan tekið saman í gagnabanka sem barnið fær með sér við útskrift úr leikskólanum.

Vinnulagi við mat á námi og velferð barna er einnig lýst í námsmatshandbók sem finna má á heimasíðu skólans <http://idavollur.is/Skolastarfid/Mat-a-skolastarfinu>

Hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna

Á Íðavelli er nemendum raðað á deildir eftir aldri og þroska. Hópaskipting er svo innan hverrar deildar fyrir sig. Þannig er best tryggt að einstaklingsmiðuð samskipti og verkefni séu notuð þannig að hæfi hverju barni.

Unnið er með hæfnipætti í skipulögðu starfi og frjálsum leik, í öllum samskiptum kennara við börn. Nánari útfærslu má sjá í námsmatshandbók á <http://idavollur.is/Skolastarfid/Mat-a-skolastarfinu>

Skipulag sérfræðiþjónustu

[Sérkennslustefna Íðavallar](#) byggir á hugmyndafræði [Skóli fyrir alla](#) og [Snemmtæk íhlutun](#). Stefnuna má finna á heimasíðu skólans.

Hugmyndafræðin *Skóli fyrir alla* fagnar margbreytileikanum og telur að það sé kostur að börn séu ólík. Í leikskólanum Íðavelli er lögð áhersla á að náms- og félagslegum þörfum allra barna sé mætt þar sem barnið er statt hverju sinni. Fjölbreyttir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi ásamt hvetjandi námsumhverfi og sveigjanleika. Hvert barn er metið að þeim verðleikum sem það býr yfir og mikilvægt er að barnið finni að það tilheyri skólasamfélaginu.

Snemmtæk íhlutun stendur fyrir inngrip eða þjálfun snemma í lífssögu barnsins. Leitast er við að hafa áhrif á þroskaferil barnsins með skipulögðum og markvissum aðgerðum eins fljótt og unnt er. Íhlutun beinist fyrst og fremst að barninu sjálfu en einnig að aðstandendum og umhverfi barnsins. Notast er við þverfaglega nálgun þar sem samvinna er á milli ýmissa stofnanna og fagfólks eftir því sem við á. Hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar á vel við í leikskólum því hún kemur að notum á ýmsan hátt í daglegu starfi leikskólans og í sérkennslu.

Sérkennsluteymi er starfrækt í skólanum og sinnir börnum með snemmtækri íhlutun ásamt íhlutun eftir greiningarferli. Leitast er við að hafa teymið þverfaglegt, skipað fagfólki á ýmsum sviðum.

Leitast er við að fá sérfræðiþjónustu fyrir börnin inn í skólann sé því við komið, sem dæmi má nefna þjónustu bæði sjúkráþjálfara og talmeinafræðings.

Vinnuferli sérkennslumála

Á Iðavelli er lögð áhersla á gott foreldrasamstarf. Foreldrar/forráðamenn koma að ferli sérkennslumála strax frá upphafi og ef foreldrar/forráðamenn og/eða kennarar hafa áhyggjur af þroska barnsins fer ákveðið ferli í gang. Fyrsta skrefið er að foreldrar hafa samband við leikskólann eða leikskólinn hefur samband við foreldra barnsins. Fundað er með foreldrum til að ákvarða hvað sé best fyrir barnið og unnið er úr þeim upplýsingum sem foreldrar leggja til samhliða vitneskju starfsmanna leikskólans. Rætt er um hvernig gengur heima fyrir og í leikskóla og eru opin og jákvæð samskipti höfð að leiðarljósi.

Unnið er markvisst með barn í 3-6 mánuði í leikskólanum og á meðan það ferli á sér stað, fer fram gagnasöfnun. Gagnasöfnun felur í sér skráningar, myndbandsupptökur, greinargerðir og útfyllingu lista ef þörf er á. Skráningar eru mikilvægur þáttur í starfi Iðavallar og leggja skráningar grunninn að komandi vinnu eða íhlutun með nemanda.

Í kjölfar gagnasöfnunar er útbúin einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrár aðstoða kennara í skipulagningu á námi barna með sérþarfir. Námskrár taka mið af þörfum hvers barns og meiri líkur eru á því að allir starfsmenn leikskólans vinni eins með viðkomandi barn ef námskrá liggur fyrir. Foreldrar/forráðamenn í samvinnu við kennara setja niður þá þætti sem þarf að vinna með og telja að það sé mikilvægt fyrir barnið að tileinka sér. Markmið eru sett til skemmri eða lengri tíma og er árangur metinn eftir ákveðinn tíma og þá er tekin ákvörðun um hvort þurfi að leita eftir sérfræðipjónustu frá Fræðslusviði Akureyrarbæjar.

Á Fræðslusviði Akureyrarbæjar eru starfandi sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi sem þjónusta leikskóla bæjarins. Sérkennslustjóri sendir tilvísun til Fræðslusviðs ef óskað er eftir aðstoð fyrir nemanda. Ef ákveðið ferli fer í gang í samvinnu við Fræðslusvið Akureyrarbæjar, sitja sérkennsluráðgjafi, sérkennslustjóri, deildarstjóri, stuðningsaðili (ef við á) og foreldrar teymisfundi sem haldnir eru á 6-8 vikna fresti. Á þessum fundum er farið yfir hvernig gengur heima og í leikskólanum. Einstaklingsnámskrá er höfð til hliðsjónar og áframhaldandi vinna og markmið eru ákveðin. Þegar barn er komið með greiningu sér sérkennslustjóri um að yfirfara gögn barnsins og hafa samband við foreldra/forráðamenn og kennara. Samráð er haft á milli heimilis og skóla strax í upphafi vinnunnar, skoðað hver þörfin er og hvað þurfi að aðlaga til þess að barnið njóti sín í námi sínu og þroskaferli.

Sérkennsla á Iðavelli fer fram inni á deildum, í sal og í útiveru, í stærri og smærri hópum. Einnig höfum við til afnota sérkennsluaðstöðu sem við notum þegar við teljum að ekki sé unnt að vinna með barninu á fullnægjandi hátt innan um önnur börn. Aðstaðan er notuð jafnt í einstaklings- og hópkenndu.

Markmið og fyrirkomulag samstarfs og tengsla milli skólastiga

Þegar börn hefja grunnskólagöngu þá hafa þau þegar öðlast mikla reynslu úr leikskólanum og því er mikilvægt að byggja ofan á þá reynslu. Börn hafa væntingar um að þau muni læra nýja hluti á nýjan hátt í grunnskólanum og gera því ráð fyrir breytingum þannig að eitthvað nýtt komi í stað hins gamla og eitthvað óþekkt komi í stað þess þekkt (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Mikilvægi samstarfs milli skólastiga er því mikið.

Grunnskólar

Markmið með samstarfi Iðavallar við grunnskóla hverfisins er að auðvelda börnum aðlögun að nýju skólastigi og að hjálpa þeim að öðlast öryggi í húsnaði og barnahópi Oddeyrarskóla. Iðavöllur og

Oddeyrarskóli hafa með sér [samstarfsáætlun](#). Á hverju hausti hittast kennarar elstu barna á Iðavelli og yngsta stigs í Oddeyrarskóla, meta síðasta vetur og gera áætlun fyrir vetrarstarfið. Áætlunin er birt á heimasíðu skólans.

Einnig hefur Iðavöllur samvinnu við Brekkuskóla um að kynna foreldrum og börnum það sem Brekkuskóli býður upp á fyrir börn sem munu fara í þann skóla í 1. bekk.

Tónlistarskólinn á Akureyri

Gagnkvæmar nemendaheimsóknir eru skipulagðar ásamt því að starfsfólk tónlistarskólans hefur boðið upp á nemendatónleika í leikskólunum ásamt nemum sínum.

Áherslur og leiðir í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nær-samfélag

Starfsfólk Iðavallar leggur sig fram við að eiga góð dagleg samskipti við foreldra og viðhafa gott upplýsingaflæði. Til þess notum við dagleg samskipti, heimasíðu skólans, tölvupóst, vikulega pósta frá deildum, námsáætlanir/dagatöl deilda, Karellen upplýsingakerfið og símtöl. Allir foreldrar hafa aðgang að Karellen appinu í símanum sínum og er það orðin vinsælasta leiðin til samskipta annarra en augliti til auglitis. Þar geta foreldrar og kennarar sent skilaboð sín á milli, foreldrar skoðað t.d. svefn barna sinna og ýmislegt annað. Allar samskiptaleiðir uppfylla lög um persónuvernd.

Foreldrahópurinn er með Facebook síðu sem skólustjóri og tengiliður skólans hafa aðgang að ef koma þarf mikilvægum almennum tilkynningum á framfæri.

Samskipti við börnin eru eðli máls samkvæmt alfarið augliti til auglitis. Sama gildir um samskipti starfsfólks, en að auki funda stjórnendur stuttan stöðufund í anda [LEAN](#) á morgnana og einu sinni í viku til skipulags. Tölvupóst grúppa starfsmanna einfaldar öll skilaboð þegar ná þarf til hópans alls. Deildir funda aðra hverja viku um sín mál og teymi skólans skipuleggja sjálf sína fundartíma.

Starfsmenn hafa einnig Facebook síðu fyrir hópinn sem notuð er til skilaboða og skemmtunar.

Á Iðavelli hefur í mörg ár verið stór hópur barna með annað móðurmál en íslensku, allt frá 20 - 27% barnahópsins eru að jafnaði tví- eða fjöltyngd. Leikskólinn leitast við að veita þessum barnahópi og foreldrum þjónustu í ljósi menningarlegs margbreytileika þar sem áherslan hefur verið á að mæta félagslegum og tungumálatengdum þörfum barnanna og auka öryggi foreldra/forráðamanna, barna og starfsfólks í samskiptum. Túlkaþjónusta er mikið notuð, bæði í samtölum og aðlögun barna og flestir tölvupóstar og upplýsingar eru sendar á íslensku og ensku, en enska gengur best í hin ýmsu þýðingarforrit sem foreldrar nýta sér gjarnan.

Móttaka nýrra nemenda var skoðuð ofan í kjöllinn og ný móttökuáætlun tekin upp til eflingar samstarfs og að tryggja gagnkvæman skilning. Einnig var handbók leikskólans uppfærð og þýdd yfir á ensku og pólsku gagnert til þess að vera meira upplýsandi um leikskólastarfið og ná til stærri hóps foreldra/forráðamanna.

Börn og starfsfólk fara í reglulegar heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki í nágrenni skólans eftir því sem tækifæri eru til.

Móttökuáætlun

Foreldrar/forráðamenn fá boð um leikskólaláss með tölvupósti. Í kjölfarið þurfa foreldrar/forráðamenn að hafa samband við leikskólann og staðfesta plássíð. Skömmu áður en leikskólaganga barnsins hefst fá foreldrar tölvupóst um boð í móttökusamtal í leikskólann. Móttökusamtal þarf alltaf

að fara fram áður en aðlögun getur hafist. Í móttökusamtali er mælt til þess að foreldrar mæti án barna. Vinnureglur leikskólans eru þær að ef um annað mál en íslensku ræðir þá fær leikskólinn aðstoð hjá tülki til þess að koma öllum upplýsingum vel og greinilega til skila. Starfsfólk gengur úr skugga um hvort nauðsynlegt sé að nota þjónustu túlka í samtölum. Móttökusamtalið fer þannig fram að starfsmaður fyllir út skjal með spurningum til foreldra/forráðamanna. Leitast er við að kynnast barninu og fjölskyldu þess sem best áður en aðlögun hefst. [Móttökusamtalið](#) má finna á heimasíðu skólans.

Í samtalinu er einnig farið yfir það hver lykilpersóna fjölskyldunnar verður í aðlögunarferlinu. Lykilpersóna er ákveðinn starfsmaður sem verður tengiliður fjölskyldunnar á meðan á aðlögun stendur. Einnig eru foreldrar spurðir hver muni vera til staðar meðan á aðlögun stendur og það er m.a. til þess að athuga hvort þurfi að notast við túlkabjónustu í aðlögun. Foreldrar eru beðnir um að láta vita ef eitthvað breytist á síðustu stundu varðandi hver kemur með barninu fyrstu dagana.

Deildarstjóri sendir bréf um aðlögunarferlið til foreldra/forráðamanna í tölvupósti stuttu áður en aðlögun hefst.

Aðlögun

[Þátttökuáðlögun](#) er á Íðavelli. Hugmyndafræðin á bak við aðlögun sem þessa er sú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennnd og forvitni yfir til barnsins. Börn og foreldrar þurfa að fá góðan tíma til að kynnast deildinni, umhverfinu, starfsfólkinu, barnahópnum og leikskólanum í heild. Foreldrar eru með börnum sínum allan tímann á meðan á aðlögun stendur, sjá alfarið um þau, skipta á þeim, klæða þau, borða með þeim og taka þátt í öllu starfi deildarinnar. Starfsfólkið er til staðar til að kynnast börnum og foreldrum ásamt því að útdeila verkefnum. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um það sem fram fer í leikskólanum. Nánara fyrirkomulag aðlögunar má finna í [handbók](#) leikskólans.

Foreldrasamtöl

Móttökusamtal er við alla foreldra áður en barn byrjar í leikskólanum. Einnig eru foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári, á haustin og að vori. Hver deild útfærir fyrirkomulag samtals og boðar foreldra/forráðamenn. Alla jafna er það hópstjóri barnsins sem tekur samtalið.

Á haustin eru þættir eins og aðlögun í leikskólann eða flutningur á nýja deild rædd. Einnig viljum við fá fram væntingar og upplifun foreldra/forráðamanna til leikskóladvalarinnar og líðan barns í skóla. HLJÓM – 2 niðurstöður eru ræddar á Jötunheimi, en það er skimun á hljóð- og málvitund barna í elsta árgangi.

Í vorsamtali er rætt um veturinn og hvernig hefur gengið, flutningar milli deilda og/eða skólastiga eru undirbúin og upplifun foreldra/forráðamanna dregin fram. Ferilmappa barnsins er höfð með í samtal til rýningar með foreldrum. TRAS, skimun á mál- og félagsþroska barna er skoðuð og rædd sem og HLJÓM – 2 niðurstöður fyrir börn í elsta árgangi eftir atvikum. Einnig eru niðurstöður MIO, stærðfræðiskimun leikskólabarna, skoðaðar og ræddar.

Hægt er að óska eftir samtali við kennara og stjórnendur skólans hvenær sem er utan þessara skipulögðu samtala.

Foreldrafélag Íðavallar

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og allir forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að láta leikskólastjóra vita ef

þeir hafna þátttöku í félaginu. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra, barna og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best.

Félagið kemur að ýmsum uppákomum og ferðum sem leikskólinn skipuleggur. Einnig hefur félagið styrkt leikskólann til kaupa á ýmsum kennslugögnum og leikföngum. Helstu viðburðir sem foreldrafélagið styrkir eru jólasveinar og undirleikari á jólaballi, jólagjafir frá jólasveinum á jólaballi og vorhátíð.

Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti ár hvert, þar sem rædd eru málefni félagsins og stjórn þess endurnýjuð. Í stjórninni sitja 4-8 fulltrúar foreldra/forráðamanna auk formanns. Einnig er einn starfsmaður leikskólans tengiliður við félagið. Upplýsingar um foreldrafélagið og árgjald þess má finna á <http://idavollur.is/Foreldrafelagid/Starfsemiargjald>

Foreldraráð lðavallar

Foreldraráð skipa 3-4 foreldrar/forráðamenn sem kosnir eru að hausti til eins árs í senn.

Helstu hlutverk foreldraráðs eru:

*Fjalla um og gefa umsögn til leikskólans og fræðsluráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólalaldið.

*Fylgjast með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum.

*Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og fræðsluráðs.

*Starfa með skólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans.

*Taka þátt í matsteymi skólans, gæðaráði.

Upplýsingar um foreldraráð skólans hverju sinni má finna á heimasíðu

<http://idavollur.is/Stjornun/Foreldrarad>

Hvernig skólanámskrá tekur mið af áhuga og sjónarmiðum barna

Eins og áður hefur komið fram er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Reggio Emilia á Ítalíu í starfi lðavallar.

[Reggio Emilia](#) hugmyndafræðin er ekki stefna, heldur ákveðin leið sem hægt er að fylgja við leik, nám og kennslu. Hún kom fram eftir síðari heimstyrjöldina sem samstarfsverkefni milli kennarans Loris Malaguzzi (1920-1994) og foreldra í þorpum í kringum Reggio Emilia á Ítalíu, hefur aðallega verið notuð í leikskólum og breiðst út um allan heim.

Markmið Reggio hugmyndafræðinnar er að nýta og örva alla þá hæfileika sem börnin búa yfir. Í leikskóla þar sem unnið er eftir hugmyndafræði Reggio er litið á barnið sem hæfileikaríkan, virkan einstakling sem hefur mikið fram að færa. Mikil virðing er borin fyrir barninu, vinnu þess og verkum. Lögð er áhersla á að nemendur fái að gera tilraunir og rannsóknir og noti öll skilningarvit sín. Kennarinn tekur þátt í samræðum með börnunum, ýtir undir gagnrýna hugsun og þarf að vera góður í að grípa hugmyndir barnanna og skrá. Í Reggio hugmyndafræði er talað um umhverfið sem þriðja kennarann, auk foreldra og leikskólakennara. Það á að vera síbreytilegt og bjóða upp á marga valkosti til þess að nýtast börnum til náms og þroska.

Í Reggio miðuðum leikskólum er lögð áhersla á listgreinar. Listin er nýtt til að þjálfa augað og til að örva athyglisgáfuna, hugmyndaflugið og ímyndunaraflíð. Sjónrænt og myndrænt mál auðveldar leikskólabörnum skilning á umheiminum. Unnið er markvisst með liti, skugga og ljós. Segja má að grunninn að námi samkvæmt Reggio Emilia hugmyndafræði megi útfæra þannig:

*Börn eiga að hafa einhverja stjórn á því hvernig þau læra.

*Börn eiga að geta lært með því að upplifa, að snerta, hreyfa, hlusta og fylgjast með.

*Börn eru í tengslum við önnur börn og efnislega hluti í heimum sem börn verða að fá að skoða og rannsaka.

*Börn verða að geta tjáð sig eftir ótakmörkuðum leiðum og tækifærum (LeBlanc).

Út frá hugmyndum Reggio hefur í Bandaríkjunum þróast aðferð sem kölluð er [Könnunaraðferðin](#) eða *Project Approach* sem oft er notuð samhliða. Könnunaraðferðin á sérstaklega vel við í starfi með yngri börnum og börnum af erlendum uppruna.

Aðferðin gengur út á það að ákveðið þema eða viðfangsefni er tekið fyrir og rannsakað. Mikilvægt er að verkefnið sé valið út frá áhuga barnanna. Unnið er með viðfangsefnið í ákveðinn tíma og er það skoðað á fjölbreyttan og markvissan hátt frá sem flestum sjónarhornum. Þemavinnan gengur út á að gefa börnunum hugmyndir til að vinna með og velta þeim fyrir sér frá öllum hliðum. Í þemavinnu er lögð áhersla á að hvert barn sé frjótt og skapandi. Barnið hefur getu, löngun og fjölbreytta hæfileika til að tileinka sér þekkingu. Áhersla er lögð á uppgötvunarnám, hlustað er á barnið og virðing borin fyrir skoðunum þess. Í móttökusamtali eru foreldrar spurðir um áhugamál barna sinna og svör þeirra notuð til að skipuleggja kennsluumhverfi deildar þegar aðlögun hefst.

Því má segja að hugmyndafræðin og inntak hennar byggir á aðkomu barna að eigin námi. Kennarar og allt starfsfólk vinnur því markvisst að því að leita eftir hugmyndum og áhugasviði barna. Reggio hugmyndafræðin byggir í grunninn á lýðræði og þátttöku barna í eigin námi og rímar því einstaklega vel við Aðalnámskrá leikskóla og barnasáttmálann (Aldís Ingvadóttir og Raket Pórarinsdóttir, 2014).

Skólanámskrá er unnin í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna

Grunnur að skólanámskrá Íðavallar er unninn að mestu leyti í skólanámskrárteymi skólans. Eftir að námskrárteymi lýkur vinnu kemur allur starfsmannahópurinn að því að klára námskrána. Foreldraráð fær námskrána til rýnivinnu á báðum stigum, ásamt því að hún er birt á heimasíðu þar sem foreldrum er boðið að koma með athugasemdir.

Þegar rætt er um að hlusta á raddir barna er gjarnan vísað til hugmyndafræði Reggio Emilia, um að börn séu mikils megnug, þau hafi getu og styrk til að taka virkan þátt í samfélagi þar sem hlustað er á skoðanir þeirra og þeirra framlag í formi lausna og hugmynda sé talið mikilvægt. Í því felst að kennarar hlusti á og lesi í ólíkan tjáningarmáta barna. Það felur í sér virðingu fyrir barninu, getu þess og hverju það sýnir áhuga (Rinaldi, 2006). Barnafundir í anda Barnasáttmála eru því haldnir á eldri deildum og umræða um námskrána tekin við börnin.

Skólanámskrá er samþykkt af foreldraráði

Þegar vinnu við skólanámskrá er lokið er óskað eftir samþykkt foreldraráðs á stefnunni. Foreldraráð rýnir og samþykkir allar breytingar sem gerðar eru á skólanámskrá. Uppfærð útgáfa er birt á heimasíðu skólans í hvert sinn.

Skólanámskrá er staðfest af Fræðslusviði Akureyrarbæjar

Þegar vinnu við skólanámskrá og/eða uppfærslu er lokið er skólanámskráin send til Fræðslusviðs Akureyrarbæjar til staðfestingar. Horft skal til þess að skólanámskrá samrýmist menntastefnu Akureyrarbæjar og öðrum þeim starfstilmælum sem liggja fyrir s.s. læsisstefnu ofl.

Skólanámskrá birtist á heimasíðu skólans

Skólanámskrá Íðavallar ásamt handbók, stefnum og áherslum í starfi eru birtar á

<http://idavollur.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

Heimasíðan er uppfærð reglulega og þar skal ávallt vera að finna nýjustu útgáfu skólanámskrár.

Heimildir

- Aðalnámskrá leikskóla.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Aldís Ingvadóttir og Rakel Þórarinsdóttir. (2014). *Hvað getum við lært af Reggio Emilia hugmyndafræðinni þegar kemur að lýðræði í leikskólum?* Óbirt B.ed. ritgerð. Háskólinn á Akureyri.
- Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. (2018). *Child friendly cities and communities handbook*. Sótt af <https://www.unicef.org/eap/reports/child-friendly-cities-and-communities-handbook>
- Barnasáttmáli. (e.d.). Um Barnasáttmálann. Sótt af *Barnvæn sveitarfélög.* (e.d.) Sveitarfélög með réttindi barna að leiðarljósi. Sótt af <http://barnvaensveitarfelog.is/>
- Björk Ólafsdóttir. (Án árs). *Innra mat leikskóla.* Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Bæjarstjórn Akureyrar. (2019). *Skýrsla og aðgerðaáætlun: Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.* Sótt af <https://www.akureyri.is/static/files/Rosenborg/Barnvaent/barnasattmali-innleiðing-samthykkt-i-baejarstjorn-22.01.19.pdf>
- Dewey, J. (2000a). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dewey, J. (2000b). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir (2009). *Lubbi finnur málbein: íslensku máhljóðin sýnd og sungin.* Reykjavík, Mál og Menning.
- Gronlund og Engel (2019). *Focused Portfolios. A Complete Assessment for the Young Child.* (2.útg). Red Leaf press.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2013). *Þátttaka barna í ákvarðanatöku í leikskólastarfi.* Sótt af https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/003.pdf
<https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>
- Hafdís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir. (2016). Námsrými byggð á auðlindum nemenda. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1-14. Sótt af https://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_a_dgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/003.pdf

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“: Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>

Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Lítil börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 115-132). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannung.

Könnunaraðferðin og íslenska. Sótt af <https://reykjavik.is/allir-med/konnunaradferdin-og-islenska>

LeBlanc, Miriam (án árs). *Reggio Emilia. An innovative approach to education*. Sótt af <https://www.communityplaythings.co.uk/learning-library/articles/reggio-emilia>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Meckley, A. (2002). *Observing children's play: mindful methods*. London

Menntastefna Akureyrarbæjar 2020-2025. Sótt af: <https://www.akureyri.is/static/research/files/menntastefna-akureyrarbaejar-2020-2025-samth-i-baejarstjorn-2-juni-2020pdf>

Meyvant Þórólfsson. (2003). Tími, rúm og orsakasamband: Nám sem félagsleg hugsími. Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2003/001/index.htm>

Rinaldi, C. (2005). Documentation and assessment: What is the relationship? Í A. Clark, A.T. Kjörholt og P. Moss (ritstjórar), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 29-49). Bristol: Policy Press.

Rinaldi, C. (2006). *In dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.

Rose-Krasnor, L. (1997). The nature of social competence: A theoretical review. *Social Development*, 6(1), 111-135. <http://doi.wiley.com/10.1111/j.1467-9507.1997.tb00097.x>

Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskólastarfi – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum. Námsvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 31-56). Reykjavík: Rannung og Háskólaútgáfan.

Sigríður Sigurðardóttir (2016). *Leiðbeiningar um innra mat leikskóla*. Mennta og menningarmálaráðuneytið.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2015). Ákall og áskoranir: Vegsemd og virðing í skólastarfi. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*, 1-18. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2015/alm/005.pdf>

Svava Björg Mörk og Rúnar Sigbórsson. (2011). Samfélag jafningja: Uppbygging lærdómssamfélags í leikskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*, 38-59. Sótt af <https://ojs.hi.is/tum/article/view/2071/1060>

The Child at the Centre. Self evaluation in the early years. (2002). Scottish Executive. Early Education and Childcare Division.

Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs. (2014). Ritstj. Björk Ólafsdóttir. Reykjavíkurborg.

Wood, E. (2013). *Play, learning, and the early childhood curriculum*. (3.útg). Sage.

Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge: Harvard University Press.

Vygotsky, L. S. (1966). Play and its role in the mental development of the child (Catherine Mulholland þýddi). *Voprosy psikhologii*, 6. (Upphaflega gefið út 1933). Sótt af <http://www.marxists.org/archive/vygotsky/works/1933/play.htm>

Þemahefti um námsmat í leikskólum. (2013). Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Reykjavík.